

Símenntun

Fundargerð

118. stjórnarfundur Símenntunar var haldinn miðvikudaginn 7. desember 2022, kl. 11:00. Fundurinn var haldinn í húsnæði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttur, Silja Steingrímsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir nýráðinn framkvæmdastjóri. Inga Dóra Halldórsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrá.

Dagskrá fundar:

- 1. Fundargerð frá fundi 117. stjórnarfundis borin upp til samþykktar**
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.
- 2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 lögð fram**
Fráfarandi framkvæmdastjóri fór yfir uppgjör fyrir fyrstu 10 mánuði ársins og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2022. Töluverðar breytingar hafa verið í starfsmannahaldi á seinni hluta ársins sem hefur einhver áhrif á reksturinn.
Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir tekjum upp á 127.460.000 kr. sem er 3,7 milljóna króna hærra en í fyrri áætlun. Framlagið frá ríkinu er 1.200.000 króna hærra en gert var ráð fyrir í áætlun, auk þess sem gert er ráð fyrir aðeins hærri tekjum í sérverkefnum.
Gert er ráð fyrir útgjöldum upp á 125.205.000 í endurskoðaðri áætlun sem er milljón krónum hærra en í fyrri áætlun. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 2.755.000 kr.
Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.
- 3. Starfsmannamál**
Guðrún Vala fór yfir starfsmannamálin, en töluverðar breytingar hafa verið og eru í farvatninu. Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir verkefnastjóri tók til starfa 1. september sl., en hún er í 50% starfsgildi. Steinar Sigurjónsson er nýráðinn sem náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri í 100% starfsgildi og hóf hann störf 10. október sl. Þau eru bæði boðin velkomin til starfa.
Magnús Smári Snorrason hefur sagt upp störfum og mun láta af störfum í byrjun næsta árs. Í ljósi mikilla breytinga óskaði framkvæmdastjóri eftir því að ráða í 100% stöðugildi verkefnastjóra frá og með næstu áramótum og var það samþykkt samhljóða.
- 4. Verkefni sem eru í gangi hjá Símenntun og það sem er framundan næstu vikur**
Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni sem eru í gangi núna og hvað er framundan;

Húsnæðismál: Símenntun hefur leigt skrifstofuástöðu af Brim ehf. á Breiðinni á Akranesi. Stjórn hefur ákveðið að segja upp samningnum og tók uppsögnin gildi frá 1. des. 2022. Símenntun hefur boðist tækifæri til að leigja skrifstofu- og kennsluástöðu á Smiðjuvöllum 28 á Akranesi, en verið er að innrétta aðstöðu fyrir m.a. Vinnuálastofnun og Starfsendurhæfing

Vesturlands í sama húsi. Þessar stofnanir eiga nú þegar í mjög miklu samstarfi og er það mat stjórnar að samlegðaráhrifin verði enn meiri við þessar breytingar. Framkvæmdastjóra var falið að fylgja málinu eftir og undirbúa flutninga.

Nám og kennsla:

- Nú í haust hefur náms- og starfsráðgjafi farið einu sinni í viku upp á Bifröst og veitt flóttamönnum ráðgjöf m.a. er snýr að gerð ferilskrár, atvinnuleit o.fl. Fullur vilji er, að hálfu Símenntunar, að halda þessu samstarfi áfram eftir áramót, en auk þess er mikilvægt er að bjóða flóttamönnum sem eru búsettir víða um Vesturland upp á íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.
- Símenntun er í mjög góðu samstarfi við Starfsendurhæfingu Vesturlands og hefur náms verið í boði fyrir skjólstæðinga StarfVest.
- Aukin eftirspurn er eftir íslenskukennslu um allt Vesturland og hefur verið brugðist við því jafnóðum og verið er að skipuleggja námskeið fyrir vorönn 2023.
- Aukinn vöxtur er í fyrirtækjafræðslu, en þó nokkur námskeið hafa verið haldin í tengslum við fræðsluáætlanir sem unnið hafa verið síðustu misseri.
- Það hefur verið unnið í þremur erlendum verkefnum nú í haust, en eitt þeirra er að klárast en hin tvö munu klárast á næsta ári. Nánari upplýsingar um þessi verkefni er að finna á vef Símenntunar www.simenntun.is

5. Framkvæmdastjóraskipti – praktísk mál

Guðrún Vala Elísdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra 1. október sl. og er hún boðin velkomin til starfa.

Búið er að senda viðeigandi gögn til bankans til að skipta um prófkúruhafa.

6. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að skoða símamál fyrir starfsfólk Símenntunar og var honum falið að óska eftir tilboðum í síma.
- Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 22. febrúar 2023, kl. 11:00

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 12:30